



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2023

ÍSLE1FB05

Kennari	Kristín Þóra Möller (kristin.moller@fss.is) Lilja Dögg Friðriksdóttir (lilja.fridriksdottir@fss.is)	 
Viðtalstími	Kristín: Fimmtudagar 10:25-11:05 Lilja: Mánudagar 14:00-14:40	
Námsefni	Auga Óðins – sögur úr norrænni goðafræði - Bókabúð <i>Ljósritað efni frá kennara</i>	
Áfangalýsing	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar. Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttri ritun og tjáningu. Nemendur læra að meta góða málnotkun og öðlast trú á eigin málhæfni í ræðu og riti.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að ná áfanganum þarf meðaleinkunn upp á 4,5 úr prófum/verkefnum á önninni. Samanlögð vinnueinkunn þarf því að vera a.m.k. 4,5. Hvert tímapróf/verkefni er aðeins hægt að þreyta einu sinni. Ef nemendur af einhverjum ástæðum komast ekki í tímapróf á tilgreindum tíma þá hafa þeir tvær vikur þar á eftir til að taka það próf. Ef engin skýring er á fjarvist nemenda í tímaprófi þá hefur hann fyrirgert rétti sínum til að taka það próf. Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Lesskilningur og ýmsir textar		10%
	Stafsetning		5%
	Málfræði og málnotkun		15%
	Auga Óðins		30%
	Kynning/framsögn		10%
	Kvikmyndaverkefni		10%
	Ritunarverkefni		20%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Nemendur skulu sækja allar kennslustundir stundvíslega og skila öllum verkefnum á réttum tíma.
---------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mikilvægi lestrar • mismunandi aðferðum við lestur • mikilvægi þess að geta áttað sig á aðalatriðum í texta • mikilvægi réttritunar • helstu hjálpargögnum við ritun	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota mismunandi lestrartækni við lestur mismunandi texta • taka aðalatriði úr texta og átta sig á meginefni hans • koma frá sér texta á rituðu máli • nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða
	
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • ákvarða hvaða lestraraðferðum skuli beitt við hinar ýmsu textagerðir • dýpka lesskilning sinn • styrkja eigin mál- og ritfærni • túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu • endursegja lengri sögu á sannfærandi hátt og lýsa flóknum aðstæðum með skýrum og einföldum hætti án málalenginga	

Vinnuáætlun - Dæmi með símati		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 4 tímar x 20 mín	20 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Verkefnavinna	15 klst.	15 klst.
Alls		111 klst. = 5 fein*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 5. - 15. janúar	Kynning á áfanga og námsefni hans. Auga Óðins: Nótt Bókmenntahugtök	Verkefni / próf
2. vika 16. - 22. janúar	Auga Óðins: Loki fer í afmælisveislu Bókmenntahugtök	Verkefni / próf
3. vika 23. - 29. janúar	Málfræði, ritun	Verkefni
4. vika 30. janúar - 5. febrúar	Auga Óðins: Þá hlógu goðin Bókmenntahugtök	Verkefni /próf
5. vika 6. - 12. febrúar	Auga Óðins: Blóð og hunang Bókmenntahugtök	Verkefni /próf
6. vika 13. - 19. febrúar	Stafsetning, ritun	Verkefni
7. vika 20. - 26. febrúar	Auga Óðins: Stjörnur í augum Bókmenntahugtök	Verkefni /próf
8. vika 27. febrúar - 5. mars	Auga Óðins: Loki bundinn Bókmenntahugtök	Verkefni /próf
9. vika 6. - 12. mars <i>Miðannarmat</i>	Málnotkun, ritun	Verkefni Skila ritunarmöppu
10. vika 13. - 19. mars	Auga Óðins: Ragnarök Bókmenntahugtök	Verkefni /próf Skila verkefnamöppu
11. vika 20. - 26. mars	Auga Óðins: Lokaverkefni	Skila Lokaverkefni
12. vika 27.mars - 2. apríl <i>Starfshlaup - Páskafri</i>	Ljóð og dægurlagatextar	Verkefni úr ljóðum og dægurlagatextum
13. vika 11. - 16. apríl	Kvikmynd	Kvikmyndaverkefni
14. vika 17. - 23. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Hópverkefni	Verkefni/kynning
15. vika 24. - 30. apríl	Hópverkefni – framhald Lesskilningur, stafsetning, málfræði, málnotkun	Verkefni / kynning / próf
16. vika 1. - 10. maí	Lesskilningur, stafsetning, málfræði, málnotkun	Verkefni / próf

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf,
Kristín og Lilja*